

Sálin hans Jóns míns:

# Smellasmíðir

Hljómplötur

Ásgeir Tómasson

Ef við Íslendingar eigum einhvern tíma eftir að eignast hljómsveit sem sambærilega má kalla við hina sænsku ABBA, norsku a-ha, hollensku Shocking Blue eða þýsku Scorpions, er það án efa Sálin hans Jóns míns. Tónlist hljómsveitarinnar sver sig gjörsamlega í ætt við það besta sem gert er í léttu og gripandi poppi og rokki.

Það er lenska að líta þá hornauga sem sérhæfa sig í þeirri léttu músík sem stundum er kölluð smellir. Það er að segja tónlist sem hittir í mark svo til við fyrstu eða aðra hlustun. Hún er kölluð iðnaðarpopp, kúlutyggjó og fleiri niðrandi nöfnum. Þeir

sem muna sigurgöngu ABBA á áttunda áratugnum muna eflaust líka að óspart var hnytt í Björn Ulvæus og Benny Anderson fyrir að semja léttvæga popptónlist og yfirborðskennda. Eftir að ABBA hætti var farið að líta Svíara tvo öðrum augum og þegar farið er að skoða verk þeirra í sögulegu samhengi þykja þeir bara skrambi góðir.

Sjálfsgagt verður Guðmundur Jónsson, lagahöfundur Sálarinnar, fyrir því öðru hverju að fólk þykja tónsmíðar hans fullmikið léttmeti. En ef lagahöfundur er það gefið að geta raðað saman hljómunum með þeim hætti að þeir hæfa beint í mark, hvers vegna ætti hann þá að vera að flækja lögin sín, til þess eins kannski að þóknast nokkrum kollegum sem ekki kunna sömu list?

Hætt er við því að þegar fram líða stundir og útgefendur tuttugustu og fyrstu aldarinnar fara að víða að sér efni á Aftur-til-fortíðar-plötur tíunda áratugar þeirrar níjándu staldri þeir nokkrum sinnum við á ferli Sálarinnar hans Jóns míns. Þar er nefnilega að finna laglinur sem ég er ansi hræddur um að muni standast tímans tönn. – Sama tönn fer kannski ekki alveg jafn vel með texta Sálarinnar en látum það liggja milli hluta í bili.

Nýjasta plata Sálarinnar hans Jóns míns sver sig í ætt við fyrri verk hljómsveitarinnar nema hvað hún er sú besta hingað til. Á plötunni er fjöldinn allur af gripandi tónlist. Láttu mig vera er sennilega eitt sterkasta lag hljómsveitarinnar frá upphafi ferils hennar og gefur ekkert eftir melódísku rokki erlendrar sveita. Nokkur önnur koma á hæla Láttu mig vera að styrkleika. Jens Hansson semur tvö lög plötunnar. Gagntekinn hefur þegar slegið í gegn af skiljanlegum orsökum. Ekkert breytir því er einnig gripandi en sláandi líkt soulflugunni When A Man Loves A Woman.

Ekki er hins vegar nóg að hafa einungis sterk lög. Flutningurinn þarf einnig að vera í góðu lagi. Glögglega má heyra á plötu Sálarinnar að hljómsveitin er firnavel samæfð, þétt og kraftmikil. Hljómsveitaryfirbragðið skilar sér vel í gegn. Enginn stelur senunni. Heildin skilar skotheldum hljómi.

Raunar eru textarnir eini veiki bletturinn á annars prýðilegri plötu Sálarinnar hans Jóns míns. Margir okkar bestu textasmíðir, svo sem Bubbi og Hörður Torfason, leita til ráðgjafa sem líta yfir textana og laga það sem mætti betur fara. Textahöfundar Sálarinnar mættu að skoðlausu fara að dæmi þeirra. Séu menn ekki þeim mun skáldmæltari ættu þeir ekki að þurfa að skammast sín fyrir að leita sér ráðgjafar. Sér í lagi ekki þegar aðrir þættir heildarinnar eru í góðu lagi.



Sálin hans Jóns míns. Besta plata sveitarinnar hingað til.